



Greinargerð með umsókn að Grænfána

Heilsuleikskólinn Brimver – Æskukot
Sveitarfélagið Árborg



Efnisyfirlit

Heilsuleikskólinn Brimver - Æskukot	3
Umhverfisnefnd.....	3
Mat á stöðu umhverfismála	4
Áætlun um aðgerðir og markmið	4
Framtíðarverkefni.....	5
Eftirlit og endurmat	5
Námsefnagerð og tenging við aðalnámskrá.....	6
Kynning á stefnunni.....	7
Umhverfissáttmálinn	7
Fundagerðir Umhverfisnefndar Brimvers - Æskukots	8
1. fundur	8
2. fundur	9
3. fundur	10
4. fundur	12
5. fundur	13
6. fundur	14
Fylgiskjal 1	15
Fylgiskjal 2	16

Heilsuleikskólinn Brimver - Æskukot

Haustið 2011 samþykkti fræðslunefnd Sveitarfélagsins Árborgar að sameina leikskólana Æskukot á Stokkseyri og Brimver á Eyrarbakka. Frá þeim tíma hefur verið unnið að samvinnu og þróun skólans. Heilsuleikskólinn Brimver - Æskukot er með tvær starfsstöðvar, önnur er á Brimveri, Eyrarbakka og hin á Æskukoti, Stokkseyri. Æskukot hefur fengið Grænfánann afhentan tvisvar sinnum, fyrst árið 2010 og aftur árið 2012. Endurnýja á umsókn á tveggja ára fresti til að sýna fram á að starfað sé í þeim anda sem lagt er upp með. Þann 11. september 2015 var send inn umsókn um að Heilsuleikskólinn Brimver - Æskukot yrði „Skóli á grænni grein“. Þema verkefnisins er *lýðheilsa* sem fellur vel að heilsustefnunni, námsviðum leikskólans og fléttast inn í læsisverkefni sem unnið hefur verið að hjá Sveitarfélaginu Árborg. Innleiðing Grænfánans hefur haft áhrif á aukna samvinnu og samstarf á milli elstu árganga leikskólans sem hafa verið með sameiginlega fundi í Barnaskólanum á Stokkseyri (BES). Með því að óska eftir aðild að verkefninu „Skóli á grænni grein“ hafa kennarar fengið fræðslu, leiðsögn og stuðning frá Landvernd. Verkefnastjóri er Hjördís Heiða Másdóttir. Verkefnið er tengt lífsleikninámi barnanna þar sem áherslur eru á þátttöku og ábyrgð með því að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum, umhverfi og náttúru.

Umhverfisnefnd

Í umhverfisnefnd eru elstu nemendur leikskólans, 11 börn sem eru fædd árið 2010 ásamt verkefnastjóra, kennurum og starfsfólki skólans og eru foreldrar alltaf velkomnir á fundi.

Fyrsti fundur umhverfisnefndar var í skólabókasafni Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) þar sem elstu nemendur á Brimveri og Æskukoti hittust Stokkseyrarmegin 13. október 2015, og funduðu með Hjördísi Heiðu, verkefnastjóra verkefnisins, Sigríði Birnu, leikskólastjóra, og Hafdísi, bókasafnsverði í BES. Þemað sem við leggjum áherslu er **lýðheilsa. Við ræðum um heilsu, líkamann, líkamsheiti, tilfinningar og líðan**. Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni?

[Hér](#) má sjá fundagerðir umhverfisnefndar á heimasíðu leikskólans.

Mat á stöðu umhverfismála

Til að leggja mat á stöðu umhverfismála fór verkefnastjóri ásamt kennurum yfir [gátlistann](#) fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla með nemendum í umhverfisnefnd skólans. Haldnir voru tveir fundir, annar í Brimveri og hinn í Æskukoti, og sköpuðust miklar umræður. Börnin voru mjög dugleg að koma með hugmyndir og ræddu um það sem þau eru að gera heima og í leikskólanum. Þau voru mjög áhugasöm að segja frá því hvað væri flokkað í leikskólanum: pappír, plast, málmur, pappi, rafhlöður og lífrænt. Þau voru öll sammála um að við getum gert betur í að endurvinna og komu með hugmyndir að umbótum.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Um leið og unnið er að því að fá Grænfánann þá er markmiðið með þátttöku okkar að nemendur á Brimveri og Æskukoti nái að kynnst um leið og þeir kynnst BES. Þannig að þeir fái tækifæri til að efla félagstengsl, vináttu og öryggi þegar farið er á milli skólastiga. Einnig eru kennarar að hitta kennara í BES og það eykur þekkingu og skilning þeirra á milli. Þessar ferðir hafa líka áhrif á læsi þar sem umhverfið og verkefnavinnan eru mjög læsishvetjandi og hafa Lubbastundir þar sem markvisst er unnið með læsi fléttast inn í verkefnið. Við sjáum mikla möguleika í þessari samvinnu við BES og erum þakklát fyrir það góða samstarf sem við eigum.

Markmið verkefnisins eru að vekja áhuga og efla þekkingu nemenda á:

- ♥ Mikilvægi þess að hugsa vel um heilsu sína og heilbrigði
- ♥ Að efla sjálfsvirðingu og virðingu fyrir náunganum
- ♥ Hvernig umhverfi, lífsvenjur og fæða hafa áhrif á heilsu og heilbrigði
- ♥ Hvernig umgengni okkar við náttúru og umhverfi hefur áhrif á heilsu og heilbrigði
- ♥ Að auka virðingu gagnvart náttúru og umhverfi

Leiðir:

- ♥ Börnin eru frædd um líkamann, hvernig hann starfar og hvers hann þarfnast til að hljóta heilbrigði og velferð
- ♥ Börnin eru frædd um náttúru og umhverfi og þær leiðir sem hægt er að fara til þess að varðveita og vernda landið, haf og loft

- ♥ Verslað er inn með það í huga að matvara sé holl og sem flestar vörur umhverfisvænar
- ♥ Með því að fræða foreldra og börn um umhverfisvernd er verið að reyna að fá sem flesta til liðs við okkur til að vernda umhverfið
- ♥ Pappír, plast og ál er flokkað og sent í endurvinnslu. Spilliefni eru flokkuð í spilliefnadall og skilað til eyðingar. Matarafgangar eru nýttir sem fóður fyrir hænur.
- ♥ Farið er sparlega með rafmagn, t.d. með því að slökva ljós í stofum sem enginn er í og passa að raftæki séu ekki í gangi að óþörfu
- ♥ Með því að gefa börnum gott fordæmi og leyfa þeim að taka virkan þátt í umhverfisverndarstarfinu er verið að kenna þeim umhverfisvæna lífshætti sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð

Framtíðarverkefni

Við erum ekki komin að endastöð í þessu verkefni, við lítum svo á að við séum rétt að byrja. Það sem okkur finnst vera ánægjulegt og ákveðinn áfangi er að báðar starfsstöðvar leikskólans Brimvers og Æskukots hafa unni í sameiningu að innleiðingu Grænfánans. Margar hugmyndir hafa komið fram sem okkur langar til að vinna að, eins er margt sem við viljum vinna með áfram og gera betur. Við sjáum mikla möguleika og mörg tækifæri hér til að efla okkur á sviði umhverfismenntar og lýðheilsu.

Við stefnum á að vinna áfram með lýðheilsu og gera betur í flokkun og endurvinnslu og tengja verkefnið við áttagana. Gæta að trjágróðri á lóð leikskólans og nýta umhverfi og náttúru hér við ströndina til leikja og náms. Við stefnum á að vera þátttakendur í verkefninu [Göngum í skólann](#) sem hefst aftur 7. september 2016 þar má finna margar góðar hugmyndir og tannverndarviku sem embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir 1. – 7. febrúar ár hvert. Listinn er engan veginn tæmdur, við lítum á hann sem lifandi plagg sem nemendur, kennarar, foreldrar og skólasamfélagið allt hefur áhrif á.

Eftirlit og endurmat

Ákveðið eftirlit og endurmat á sér stað á hverjum fundi umhverfisnefndar. Þar rifjum við upp það sem við höfum verið að gera, komum með verkefni og hugmyndir að umbótum á því sem betur má fara. Vorið 2016 verður aftur farið yfir [gátlistann](#) fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla með nemendum í umhverfisnefnd skólans til að endurmeta stöðuna. Verkefnastjóri og deildarstjóri sóttu námskeið hjá


Landvernd sem haldið var í Leikholti í Brautarholti sl. haust til að fræðast um innleiðingarferlið og verkefnið. Fulltrúi frá Landvernd var með starfsfólki leikskólans á starfsdegi þar sem verkefnið var kynnt og farið í vinnu sem tengist markmiðum verkefnisins. Þekking starfsfólks og áhugi á verkefninu og umhverfismennt auðveldar okkur að unnið sé að eftirliti og endurmati í daglegu starfi þar sem stöðugt er leitað leiða til að gera betur og bæta í verkefnið.

Námsefnagerð og tenging við aðalnámskrá

Aðalnámskrá leikskóla (2011) er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru höfð að leiðarljósi við námsefnagerðina. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Bókin „Kroppurinn er kraftaverk“ hefur verið lesin og hugmyndafræði hennar nýtt sem útgangspunktur í verkefninu „Skóli á grænni grein“ með nemendum. Áhersla hefur verið lögð á læsi í samskiptum og líðan en einnig hefur verið unnið með læsi í þeim skilningi að skilja tákni og hljóð stafa og orða.

Kroppurinn er kraftaverk – um bókina



Líkami þinn er snillingur. Hann gerir alls konar stórkostlega hluti, eins og að hoppa, stækka og lækna sárin sín. Ef þú hlustar segir hann þér hvað hann þarf til að vera hraustur og líða vel.

Þessi skemmtilega bók kennir börnum að þykja vænt um líkama sinn, hugsa vel um hann og bera virðingu fyrir líkögum annarra. Það er mikilvægt vegna þess að öll börn ættu að fá að taka með sér út í lífið.

Höfundur bókarinnar er Sigrún Daníelsdóttir og Björk

Bjarkadóttir myndskreytti.

Verkefnið kemur inn á lýðræði og mannréttindi með því að hvetja nemendur til þátttöku og efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nemendur hafa unnið með sköpun í gegnum leik, tjáningu, myndlist og frásagnir þar sem unnið hefur verið að markmiðum verkefnis. Verkefnið fellur vel að heilbrigði og velferð „Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis“ (Aðalnámskrá leikskóla bls. 15).

Námsefnagerð (sjá fylgiskjöl):

1. Verkefni sem nemendur vinna með foreldrum/forráðamönnum
2. Verkefnið Líkami og heilsa

Kynning á stefnunni

Stefnan hefur verið kynnt á öllum fundum með foreldrum, foreldraráði og foreldrafélagi. Fundagerðir umhverfisnefndar eru birtar í fréttabréfi leikskólans sem er sent á alla foreldra og fræðslunefnd Árborgar. Fundagerðir umhverfisnefndar og kynning á Grænfánanum er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans. Fundir umhverfisnefndar hafa verið haldnir í leikskólunum og í BES, þannig hefur verkefnið verið kynnt út á við. [Hér](#) má sjá fréttabréf leikskólans.

Umhverfissáttmálinn

Starfsstöðin Æskukot átti sinn umhverfissáttmála sem ákveðið var að uppfæra með núverandi umhverfisnefnd skólans og tengja við þau markmið sem unnið hefur verið með.

Umhverfissáttmáli Heilsuleikskólans Brimvers - Æskukots

Umhverfissáttmáli Heilsuleikskólans Brimvers - Æskukots hefur það að markmiði að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir heilsu sinni, náttúrunni og umhverfi.

Með umhverfismennt viljum við hugsa vel um heilsu okkar, náttúru og umhverfi, ganga vel um leikskólann, fara vel með efnivið, nýta það sem við getum og skila öðru í endurvinnslu. Við viljum læra um heilsu og heilbrigði, náttúru og umhverfi og hafa jákvæð áhrif á aðra. Á þennan hátt getum við haft jákvæð áhrif á að þeir sem á eftir okkur koma, njóti þess í leik og starfi sem jörðin hefur upp á að bjóða og stuðlað að heilbrigði og vellíðan. Við erum minnug þess að „Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar við höfum hana að láni frá börnum okkar“.

Göngum vel um náttúruna
virðum bæði tré og runna
svo dýr og börn á jörðinni
geti lengi leikið sér.

Texti: Ásgerður Tinna Jónsdóttir.

Fundagerðir Umhverfisnefndar Brimvers - Æskukots

1. fundur

Fundargerð

Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

13.10.2015

1. fundur haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Anton Marel, Ancelika, Almar Elí, Daníel Örn, Hannes, Emilía Dís, Krístrún Birta, Stefanía Vala, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Sigríður Birna, leikskólastjóri, Hjördís Heiða, verkefnastjóri og Hafdís, bókasafnsvörður.

Grænfáninn – Hvað er það? Umræður um Grænfánann, hvað þarf til að fá að flagga honum og myndir skoðaðar þar sem verið er að afhenda fánann.

Umhverfið – Umræður um hvernig við göngum um bókasafnið og umhverfi okkar, „virðing“ kom fram í umræðum okkar. Við göngum vel um bókasafnið, göngum frá bókum eftir okkur, tölum lágt og þökkum Hafdís fyrir okkur þegar við förum heim.

Líðan – umræður um líðan okkar. Hvernig líður okkur í hávaða? Þar líður okkur ekki vel og hávaði getur farið illa með heyrnina.

Vínátta – umræður um hvernig okkur líður þegar við erum með vini/vinum – Þá líður okkur vel og það er gaman.

Enduðum á Lubbastund með Hjördísi Heiðu.

2. fundur

Fundargerð

Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

27.10.2015

2. fundur haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri

Mætt: Anton Marel, Ancelika, Almar Elí, Daníel Örn, Hannes, Emilía Dís, Krístrún Birta, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Ósk, foreldri, Sigríður Birna, Hjördís Heiða, verkefnastjóri, Hafdís bókasafnsvörður.

Skoðuðum lítinn Grænfána – Umræður um Grænfánann.

Rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við göngum um umhverfið – eins og bókasafnið og leikskólann, töluðum um mikilvægi þess að ganga vel um og af virðingu.

Umræður um vináttu og hvernig okkur hefur gengið að koma vel fram við vini okkar og hvernig okkur líður þá. „Umhyggja“ kom fram í umræðu okkar.

Bókin „Kroppurinn er kraftaverk“ var lesin og skoðuð og talað um boðskap hennar.

Enduðum á Lubbasöngstund með Hjördísi Heiðu.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður þriðjudaginn 10. nóvember kl. 10:40 á skólabókasafninu í BES á Stokkseyri. Foreldrar eru velkomnir á fundinn.

3. fundur

Fundargerð

Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

10.11.2015

3. fundur haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Anton Marel, Angelika, Almar Elí, Daníel Örn, Emilía Dís, Krístrún Birta, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Guðný Ósk, kennari og foreldri, Hulda Ósk og Sigríður Birna.

Sungum saman „Við erum vinir“

Við erum vinir

Við erum vinir, við erum vinir,

ég og þú, ég og þú.

Leikum okkur saman, leikum okkur saman,

ég og þú, ég og þú.

Vínátta - Umræður um vínáttu og mikilvægi hennar, töluðum um hvernig okkur líður þegar við erum með vinum okkar.

Verkefni á bókasafninu eftir fund var skráning frá hverjum nemanda um vínáttu sem unnið verður áfram með í leikskólanum. Vínátta er leiðarljós í leikskólastarfinu.

Kennarar ræða um vínáttu við nemendur í daglegu starfi, vínátta verður sýnileg í ritmáli á deildum í söngtextum og við lestur bóka.

Rífuðum upp frá síðasta fundi hvernig við göngum um umhverfið – eins og bókasafnið og leikskólann, töluðum um mikilvægi þess að ganga vel um og af virðingu.

Jörðin - Umræður um jörðina og mynd skoðuð af hnettinum. Við höfum eina jörð til að búa á og eigum að hugsa vel um hana og ganga vel um náttúru og umhverfi. Til að gæta að heilbrigði okkar er mikilvægt að ganga vel um jörðina því hún gefur okkur m.a. vatn, súrefni og fæðu.

Verkefni fyrir næst fund er að hafa hnattlíkan sýnileg inni á deildum leikskólans og skoða með nemendum.

Heilbrigði - Umræður um mikilvægi þess að hugsa vel um heilsu sína. Við fáum einn líkama og eigum að hugsa vel um hann. Það getum við gert með því að borða hollan mat, hreyfa okkur, hvílast vel, vera góð hvert við annað og hafa gaman saman því „Kroppurinn er kraftaverk“.

á Verkefni fyrir næsta fund: Nemendur fengu það verkefni að fara með póst inn á deildir leikskólans en í honum voru orð sem tengjast mannlíkamanum. Farið var yfir þessi orð með nemendum og atkvæði þeirra klöppuð.

Nemendur skoða með kennurum sínum glærur af beinum og vöðvum mannlíkamans, þar sem fram fara umræður um hlutverk þessara líffæra og skrá niður hvað sé hollt og gott fyrir vöðva og bein. Tengja verkefnið við sköpun og læsi með því að teikna mannlíkama, líffæri og skrá inn heiti þeirra, hafa ritmálið sýnilegt, lesa bækur og ná í fróðleik netinu með nemendum. Leggja áherslu á vináttu, gleði, sköpun og heilbrigði.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður þriðjudaginn 8. desember kl. 10:40 á skólabókasafninu í BES á Stokkseyri. Foreldrar eru velkomnir á fundinn.

4. fundur

Fundargerð umhverfisnefndar Brimvers- Æskukots

8. janúar 2016

4. fundur haldinn í Brimveri á Eyrarbakka

Mætt: Angelika Helena, Krístrún Birta, Þorsteinn Jón, Gabríel Þór, Daníel Örn og Hjördís Heiða kennari og verkefnastjóri.

Við rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við getum gengið vel um umhverfi okkar og einnig borið virðingu fyrir öllu og öllum.

Tókum fyrir gátlistann fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla og sköpuðust miklar umræður, börnin voru mjög dugleg að koma með hugmyndir. Við skoðuðum kassann sem rafhlöðurnar eru settar í og pokann sem plastflöskurnar, gler og áldósir eru settar í sem börnin finna úti á lóð og í gönguferðum, sem við ætlum svo að flokka og upp kom hugmynd hjá Þorsteini að sauma taupoka fyrir þetta.

Börnin voru mjög áhugasöm og komu með margar flottar hugmyndir:

- Búa til pappamassa
- Spara pappír
- Föndra úr verðlausumefnivið
- Nota endurvinnslutunnurnar
- Taka til
- Flokka ruslið
- Þrifa jörðina

Við skoðuðum einnig hnattlíkan sem við erum með inni á deild og sáum hvað Ísland er lítið land eiginlega bara svona punktur eins og einn sagði.

Það voru allir sammála um að ræða flokkun við mömmu og pabba þegar heim væri komið og hjálpa til og kenna öllum á heimilinu það sem þau væru búin að læra í leikskólanum um endurvinnslu.

Fundi slitið og allir skrifuðu nafnið sitt á fundargerðina.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður 11. janúar með nemendum í Æskukoti þar sem farið verður yfir gátlistann með þeim.

5. fundur

Umhverfisnefnd Brimvers – Æskukots

11. janúar 2016

5. fundur haldinn í Æskukoti á Stokkseyri.

Mætt: Anton Marel, Stefanía Vala, Hrafn, Védís Reyn, Þórdís Katla og kennarar Hjördís, Kolfinna Rún og Íris Rán.

Við rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við getum gengi vel um umhverfið okkar og einnig að bera virðingu fyrir öllu og öllum.

Við tókum fyrir gátlistann umhverfismat fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla og sköpuðust miklar umræður og voru börnin mjög dugleg að koma með hugmyndir og ræddu um það sem þau eru að gera heima og í leikskólanum.

Þau voru mjög áhugasöm að segja frá því hvað væri flokkað í leikskólanum:

- Pappír
- Plast
- Málmur
- Pappi
- Rafhlöður
- Lífrænt

Til að minnka úrgang ætla þau að:

- Gefa dýrum matinn
- Flokka rusl
- Nota bara eitt bréf

Þau voru öll sammála um að gera betur í að endurvinna með því að:

- Búa til pappamassa
- Föndra úr verðlausu efni
- Teikna báðum megin á blaðið

Fundi slitið og allir skrifuðu nafnið sitt á fundargerðina. Næsti sameiginlegi fundur Umhverfisnefndar Brimvers og Æskukots verður 9. febrúar. Umhverfisnefnd mun funda með matráðum í Brimveri og Æskukoti fyrir þann fund.

6. fundur

Fundagerð

Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

9. febrúar 2016

6. fundur haldinn á skólalókasafni BES á Stokkseyri

Mætt: Anton Marel, Angelika Helena, Almar Elí, Daníel Örn, Emilía Dís, Krístrún Birta, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Stefanía Vala, Hannes Breki, Gabríel Þór (nemendur) Kennarar: Hjördís Heiða, Kolfinna Rún, Guðný Ósk, Hafdís og Sigríður Birna. Gestur fundarins var Sigrún Ína, hjúkrunarfræðingur og foreldri í leikskólanum.

Við fengum góðan gest til okkar á fundinn, Sigrún Ína sem er að útskrifast sem hjúkrunarfræðingur ræddi við okkur um virðingu og hvernig við berum virðingu fyrir okkur og öðrum og sérstaklega hvernig við berum virðingu fyrir líkama okkar og hvernig hann bregst við ef við hugsum ekki vel um hann, og einnig hvað líkaminn er stórkostlegur að láta okkur vita ef við erum þreytt, svöng, döpur eða glöð. Við töluðum líka um hvað líkaminn er mikið kraftaverk og getur oft læknað sig sjálfur eins og þegar við fáum sár og marbletti þá getur hann oftast læknað sig sjálfur. Það er mikilvægt að hugsa vel um líkamann og heilsuna.

Miklar og áhugaverðar umræður spruttu um þetta og flestir höfðu eitthvað til málanna að leggja.

Einnig kom Sigríður Birna með margnota batterí og hleðslutæki fyrir leikskólann og fræddi okkur um hvernig það virkar. Við fengum líka vasaljós sem eru snúin í gang, það var mjög spennandi. Umhverfisnefndin fékk það verkefni að fara með batterí, hleðslutæki og vasaljós inn á deildir leikskólans og fræða með aðstoð kennara um hvernig á að nota, nýta og farga þeim. Einnig hafa þau það hlutverk að fræða hina á leikskólanum um allt sem var um rætt á fundinum, og er mikil spenna fyrir því.

Þessi fundur var mjög áhugaverður eins og allir hinir og börnin orðin mjög meðvituð um umhverfið sitt og líkama.

Síðan var tekin mynd af umhverfisnefndinni og fundi slitið.

Næsti fundur verður í mars.

Fylgiskjal 1

Verkefni sem nemendur vinna með foreldrum/forráðamönnum.

Við innleiðingu Grænfánans er **lýðheilsa** þemað sem við leggjum áherslu á. **Við ræðum við nemendur um heilsu, líkamann, líkamsheiti, tilfinningar og líðan.**

Hér með eru spurningar sem nemendur fara með heim og fara yfir með foreldrum/forráðamönnum sínum. Nemendur koma aftur með blaðið í leikskólann, ræða það með kennara og samnemendum og setja svo í vinnubókina sína.

Markmiðið: að vekja áhuga og skapa umræður með foreldrum um heilbrigði og hvað hægt sé að gera til að stuðla að heilbrigði fjölskyldunnar.

Hvernig hugsum við um heilsu fjölskyldunnar?

- ___ með góðum svefni
- ___ með því að borða hollan mat
- ___ með því að fara í hreyfingu úti í náttúrunni
- ___ með því að hugsa vel um umhverfi og náttúru
- ___ með því að njóta þess að vera saman
- ___ með því að vera góð hvert við annað

Annað: _____

Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni? _____

Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? _____

Líður okkur vel í leikskólanum og daglega lífinu? _____

Fylgiskjal 2

Markmið: að vinna með líkamann, líkamsheiti, heilbrigði og tengja við læsi og sköpun.

Læsi: Eflir orðaforða

Klöppum atkvæði orða í líkamsheitum

Syngjum lög sem tengjast líkamanum og líðan

Höfum ritmálið sýnilegt yfir líkamsheiti

Sköpun: myndlist, söngur og leikur

Hlutverk kennara:

Undirbúningur: kennari les og skoðar bækur um mannlíkamann með nemendum. Þessar bækur eru sýnilegar í skólafinu.

Þegar líkaminn er teiknaður er kennari með nemendum og hvetur til umræðu:

- hvað er hollt fyrir líkamann
- líkamsheiti
- hvernig hægt er að hugsa um heilbrigði og vellíðan
- að líkamar eru alls konar

Kennari gætir að því að námsumhverfi og efniviður styðji við sköpun og nám nemenda, aðstoðar og hvetur.

Námsgögn: Bækur um mannlíkamann, myndvarpi til að skoða glærur sem sýna líkamann. Glærur sem hægt er að nota eru: Whats inside people, True- to – Life Human X-rays

Efniviður: Maskínupappír, blöð, litir, skæri, lím, garn og það sem nemendum dettur í huga að nýta sér.

Aðferð: Hver nemandi gerir sinn líkama, þetta er verkefni sem getur tekið nokkra tíma, fer eftir aldri og þroska. Nemendur leggjast á maskínupappír, kennari eða samnemandi teiknar útlínur. Nemandi klippir líkamann út og teiknar inn á t.d. líffæri, vöðva og bein og litar, eða teiknar á pappír, litar, klippir út og límir svo á líkamann. Nemendur skrifa hvað líffærin heita.